

Kópavogsbær og Reykjavíkurborg
Hildur Inga Rós Guðmundsdóttir
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Reykjavík, 15. janúar 2024
Tilvísun: 202307110 / 3.5

Efni: Breyting á deiliskipulagi brúar yfir Fossvog, Kópavogsbær og Reykjavíkurborg

Kópavogsbær og Reykjavíkurborg hefur, með erindi dags. 2. janúar 2023, sent Skipulagsstofnun breytingu á ofangreindu deiliskipulagi til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 1. mgr. 43. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 19. september 2023. Athugasemdir bárust á kynningartímanum og umsagnir bárust frá opinberum umsagnaraðilum. Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt í bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 28. nóvember 2023 og í borgarstjórn Reykjavíkurborgar þann 5. desember 2023 ásamt umsögn um framkomnar athugasemdir, dags. 14. nóvember 2023.

Samhliða var auglýst breyting á deiliskipulagi Kársneshafnar.

Fyrir liggur ákvörðun um matsskyldu framkvæmdarinnar dags. 30. apríl 2020.

Deiliskipulagsbreytingin felst í stækkun skipulagssvæðis úr 4,9 ha í 6,9 ha. Gerð er breyting á legu landfyllingar, akbrautar og stíga. Skilgreind er staðsetning háspennustrengs og varúðarsvæðis hans í landi Kópavogs.

Deiliskipulagsbreytingin er sett fram á kortblaði með greinargerð og uppdrætti í mkv. 1:1000, dags. 11. maí 2023.

Skipulagsstofnun getur ekki tekið afstöðu til deiliskipulagsbreytingarinnar vegna eftirfarandi:

- Gera þarf grein fyrir umhverfisáhrifum breytingarinnar sbr. gr. 5.4 í skipulagsreglugerð. Nauðsynlegt er að leggja mat á og rökstyðja hvort breytingin hafi áhrif á vatnsskipti, straumhegðun, útskolunargetu og fl.
- Gera þarf grein fyrir stærð og umfangi landfyllingar eftir breytingu, sbr. gr. 5.3.2.7 í skipulagsreglugerð og einnig umsögn Umhverfisstofnunar dags. 5. september 2023.

Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir

